



## 21. samráðsfundur aðgerðarstjórnar Sveitarfélagsins Voga, 08. október 2020

### **Pátttakendur**

Ásgeri Eiríksson, bærarstjóri, Daníel Arason forstöðumaður stjórnsýslu, Vignir Friðbjörnsson, forstöðumaður eigna. Gestir eru María Hermannsdóttir skólastjóri Heilsuleikskólans Suðurvalla og Hálfðan Þorsteinsson skólastjóri Stóru-Vogaskóla

### **Staðan almennt**

Engin staðfest smit eru í Sveitarfélaginu Vogum, enginn í einangrun en sjö í sóttkví. 29 staðfest smit eru á Suðurnesjum, 29 í einangrun og 187 í sóttkví

### **Sviðin hvert fyrir sig:**

#### **Grunnskólinn:**

Skólinn er nánast lokaður fyrir utanaðkomandi heimsóknum. Þrjár kaffiaðstöður hafa verið útbúnar fyrir starfsfólk, en ekki hefur verið farið út í hólfaskiptingu því það myndi kalla á skert skólastarf. Skólastjóri merkir ekki aukin veikindaforföll hvorki hjá starfsfólki né nemendum en verður var við auknar áhyggjur fólks af ástandinu og segir að allir séu að passa sig mjög vel

#### **Frístund**

Frístund starfar með eðlilegum hætti

#### **Leikskólinn**

Leikskólinn fylgir öllum tilmælum almannavarna og sóttvarnarlæknis. Foreldrar fengu sent bréf á mánudaginn með helstu leiðbeiningum þar sem til að mynda er mælt til að þeir komi ekki inn í skólabygginguna nema brýna nauðsyn beri til, sinni hreinlæti og virði eins metra nálægðartakmörk við starfsfólk. Ræstitæknar skólans fylgja viðmiðum um þrif og sérstaklega er fylgst vel með þrifum og sóttvörnum á leiktækjum ásamt ýmsum fleiri vinnureglum. Ekki hefur verið farið í hólfaskiptingu og að mati leikskólastjóra er það nær ómögulegt.

#### **Álfagerði**

Óbreytt ástand. Matsalur Álfagerðis er lokaður öðrum en starfsfólki og íbúum. Áfram eru tilmæli um takmarkanir á heimsóknum

#### **Íþróttamiðstöðin**

Óbreytt ástand. Sundlaug og íþróttamiðstöð eru lokað fyrir almenningi. Starfsemi skólanna í miðstöðinni er óbreytt og UMFÞ hefur takmarkaðan aðgang að miðstöðinni eftir því sem ákveðið var á fundi aðgerðarstjórnar þann 7.10.

#### **Félagsmiðstöðin**

Félagsmiðstöðin starfar með eðlilegum hætti

#### **Skrifstofan**

Skrifstofan er lokað almenningi, engar heimsóknir leyfðar nema eftir pöntun og engir fundir haldnir í húsnæðinu. Fólk hvatt til að hafa samband símleiðis eða rafrænt

### **Umhverfideild**

Lokað er fyrir utanaðkomandi heimsóknir í umhverfiseildina

### **Önnur mál**

Aðgerðarstjórn hvetur alla íbúa sveitarfélagsins til að sýna ítrustu varkárni og virða í hvívetna tilmæli yfirvalda um sóttvarnir. Sveitarfélagið Vogar liggur að höfuðborgarsvæðinu, og er því í meiri hættu fyrir smithættu en þau sveitarfélög sem eru staðsett fjær höfuðborgarsvæðinu